



Leikskólinn Tröllaborg

Rýmingar- og viðbragðsáætlun

Þar sem leikskólinn Tröllaborg er staðsettur í tveimur byggðalögum gerum við tvær rýmingaráætlanir aðra fyrir Hóla og hina fyrir Hofsós. Af þessum sökum er ekki gott að setja leikskólastjóra í lykilhlutverk og verður því ábyrgðin aðalega á deildarstjórunum, en að sjálfsögðu verður leikskólastjóri innan handar ef hann er á staðnum.

Svæðið sem starfsmenn Tröllaborgar á Hofsósi bera ábyrgð á er allt leikskólahúsið að Túngötu 10 Hofsósi.

Rýmingaráætlunin ásamt teikningu af leikskólanum skal vera á sýnilegum stað á deildinni.

Rýmingaráætlun Tröllaborgar á Hofsósi

Fyrstu viðbrögð eru að deildarstjóri/staðgengill hans staðfestir hvort um bruna er að ræða eður ei og tekur í framhaldi af því ákvörðun hvort rýma eigi leikskólann. Ef þörf er á rýmingu hringir deildarstjóri eða staðgengill hans í neyðarlínu 112.

Ef ekki er þörf á að rýmingu skal láta starfsfólk leikskólans vita

Símar: Einn sími er í Tröllaborg á Hofsósi. Hann er á hillu við hliðina á eldhúsdyrnum.

Deildarstjóri athugar hvort slökkva megi eldinn með slökkvitæki. Ekki skal grípa til þess nema starfsmenn viti hvernig eigi að standa að því og aldrei ef líf eða heilsa er í hættu með þeim aðgerðum.

Slökkvitæki er staðsett í forstofunni.

Eldvarnarteppi er staðsett í eldhúsi.

Brunaslanga er ekki til staðar.



Flóttaleiðir

- Tvær útidyrhurðir eru og ein út á sólpall. Eru neyðarmerki yfir þeim.
- Á ganginum er merki sem vísar á aðalinngang leikskólans.

Nafnalistar eru á deildinni þar sem merkt er við komu barnanna í leikskólann. Ef til rýmingar kemur á að taka nafnalistann með út og merkja sérstaklega við hvert og eitt nafn til að ganga úr skugga um að allir sem mættir eru, séu komnir út.

Brunaæfing, hlutverk og ábyrgð starfsmanna

Á hverju hausti er rýmingaráætlunin kynnt og starfsmönnum úthlutað ákveðnu hlutverki sem þeir bera ábyrgð á.

- Starfsmaður nr. 1 sér um ásamt deildarstjóra að koma börnunum út.
- Starfsmaður nr. 2 fer út og tekur nafnalistann með sér, merkir svo við þau börn sem út koma.
- Þegar allir eru komnir út fara starfsmenn nr. 1 og 2 með börnin yfir á sparkvöllinn.
- Þegar deildarstjóri er búinn að tryggja að öll börn séu komin í örugga umsjá annars starfsmanns fer hann og gengur úr skugga um að allir hafi komist út og enginn orðið eftir.
- Starfsmaður nr. 3 aðstoðar starfsmann nr. 2 ef full mannað er. Að öðrum kosti hleypur hann í skarðið fyrir þá sem eru fjarverandi.

Mikilvægt er að halda ró sinni og hafa stjórn á aðstæðum

Lykilnúmer starfsmanna - Rýmingaráætlun

Deildarstjóri – Ásrún – tekur ákvörðun um rýmingu, sér um að tilkynna og koma börnunum út

No. 1 Ólöf – aðstoðar við að koma börnunum út

No. 2 Hafdís – sér um mætingarlista

No. 3 Sigurlaug - staðgengill